

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sbr. breytingu á samþykktinni nr. 64/2025, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, er eftirfarandi óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi samþykkt:

Austurvegur 69 – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 26. ágúst 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurveg 69 á Selfossi. Breytingin felst meðal annars í nýjum staðfangaheitum fyrir allar lóðir við Austurveg 69, lóðum fjölgar um eina, uppskiptingu lóðar 69b í tvær lóðir sem fá heitið Austurstræti 2 og 4. Byggingarreitir eru aðlagðir að nýjum lóðarmörkum og er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu við norðurhlíð lóða Austurstrætis 7 og 8. Bílastæðum á lóð Austurstrætis 7 fækkar um 7 bílastæði.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 2. september 2026.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. september 2026